

FRISBÍGOLFVÖLLUR

SELJADALUR



Frisbígolf leikreglur

Folf er spilað líkt og hefðbundið golf nema með frisbídiskum. Talin eru köstin sem tekur að koma disknum í körfuna og takmarkið er að fara allar brautir í sem fæstum köstum. Fyrsta kast er tekið af merktum teig og er það næsta tekið þar sem diskurinn liggur og þarf sá fótur sem er nær körfu að vera þar sem diskurinn lá. Skipta má um diska á milli kasta. Sá spilari sem lengst er frá körfu tekur fyrsta kast. Tillitsemi er stór hluti af leiknum. Sanngjarnt er að mótspilari þinn fái að kasta án truflunar, það sama myndir þú vilja.

Ekki kasta fyrr en þú er viss um að flug disksins og landing hans trufla ekki hina spilarana eða fólk sem er á svæðinu. Góð regla er að stiga ekki á plöntur eða skemma gróður. Góða skemmtun.

Göngum vel um, skiljum ekki eftir rusl og sýnum tillitsemi.



Skannaðu inn QR merkið til að fá nánari upplýsingar um frisbígolf s.s. vallarkort, skorkort og aðra velli.

